

September 2021



Menntastefna 2030

Fyrsta aðgerðaáætlun 2021-2024

Aðgerð 1: Heildstæð skólaþjónusta byggð á þrepaskiptum stuðningi sem styður við nám og farsæld barna og ungmenna

Markmið heildstæðrar skólaþjónustu er að veita ráðgjöf, leiðbeiningar og stuðning við starfsemi skóla, nemendur og foreldra. Skólaþjónusta er skilgreind með ólíkum hætti eftir skólastigum og munur er á aðgengi að þjónustu og ráðgjöf, bæði milli og innan skólastiga og sveitarfélaga, sem leitt getur til ójafnræðis.

Samhæfa þarf kröfur um skólaþjónustu á ólíkum skólastigum er varða aðgengi, þjónustustig og framkvæmd, innleiða í auknum mæli rafrænar lausnir í þjónustu og leggja áherslu á þverfaglega samvinnu milli skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu í þágu nemenda, óháð búsetu og með hliðsjón af nýjum farsældarlögum.

Innleiðing þrepaskipts stuðnings felur í sér endurskoðun starfshátta og stuðningsúrræða í skóla- og frístundastarfi þar sem aukin áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, snemmbæran stuðning, gagnreyndar aðferðir og hagnýtingu gagna til að styðja við farsæla skólagöngu allra nemenda og auka gæði menntakerfisins.

Markmið: Að tryggja aðgengi allra nemenda að heildstæðri skólaþjónustu þar sem þrepaskiptur stuðningur liggur til grundvallar. Þjónustan verði samþætt annarri þjónustu sem veitt er í þágu farsældar barna óháð búsetu.

Lykilhugtök:

Heildstæð skólaþjónusta veitir stuðning við nemendur og foreldra þeirra og við starfsfólk og starfsemi skóla. Markmið skólaþjónustu er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best og að efla skóla sem faglegar stofnanir.

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.

Prepaskiptur stuðningur er heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólum sem miða að jöfnum tækifærum allra. Þverfagleg teymi kennara og fagfólks úr stuðningsþjónustu skipuleggja og meta árangur af kennslu, geðræktarstarfi og stuðningsúrræðum innan skólans í samræmi við ferli stöðugra umbóta. Reglulega er skimað fyrir náms-, hegðunar, félags- og tilfinningavanda og áhersla er á árangursríkar gagnreyndar aðferðir.

Farsældarþjónusta er öll þjónusta sem mælt er fyrir um í lögum að sé veitt á vegum ríkis eða sveitarfélaga og á þátt í að efla og/eða tryggja farsæld barns. Farsældarþjónusta nær frá grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og/eða foreldrum til frekari stigskiptrar einstaklingsbundinnar þjónustu, meðal annars á sviði menntamála, heilbrigðismála, löggæslu, félagsþjónustu og barnaverndar.

Helstu verkþættir:

1. Mótun gæðaviðmiða um lágmarksþjónustu sem veitt er innan skólaþjónustu og snýr að öllum skólastigum á hverju svæði og áætlunar um stigvaxandi fjölda þeirra sem hafa aðgang að skólaþjónustu með tilliti til jafnréttis til náms.
2. Mótun innleiðingarteymis vegna prepaskipts stuðnings á öllum skólastigum. Innleiðing hefjist með tilraunaverkefni á afmörkuðu svæði.
3. Undirbúningur að stofnun faglegrar þekkingarmiðstöðvar á landsvísi sem m.a. styður við innleiðingu farsældarþjónustu í skólastarfi og skólaþjónustu.

4. Breytingar á regluverki á sviði menntamála með hliðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
5. Kynning á niðurstöðum tilraunaverkefnis um endurskoðun reglna um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum og innleiðing nýs verklags sveitarfélaga við ráðstöfun fjármuna sem styður við menntun fyrir alla.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, rekstraraðilar skóla, Byggðastofnun, Menntamálastofnun, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, stýrihópur stjórnarráðsins í málefnum barna.

Áherslusvið: Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa, skilvirk ráðstöfun fjármuna, vellíðan allra, geðrækt, forvarnir, menntun um land allt, snemmbær stuðningur, fjölbreytileiki, stöðugar umbætur og gæðastarf, nám við allra hæfi, fjölbreytt menntasamfélag, þekking og hugrekki, hæfnipróun fagstétta í skólastarfi, rödd nemenda.

Aðgerð 2: Skólaþróun um land allt

Innleiðing menntastefnu til ársins 2030 og skólaþróun í hennar anda mun fyrst og fremst eiga sér stað fyrir tilstuðlan kennara og annars fagfólks í skóla- og frístundastarfi og samvinnu þeirra, innan og milli skóla, þvert á skólastig og sveitarfélög og nemendur. Mikilvægt er að skólar á leik-, grunn-, og framhaldsskólastigi fái stuðning til að þróa skólustarf í samræmi við menntastefnu með útfærðum afmörkuðum verkefnum. Nýtt skólaþróunarteymi hefur hafið störf í mennta- og menningarmálaráðuneyti m.a. til að fylgja þessu eftir.

Styrkir til skólaþróunar- og nýsköpunarverkefna fela í sér nýja áherslu sem ætluð er sem hreyfiafl framfara á vettvangi sem koma áherslum menntastefnunnar til framkvæmda, jafna tækifæri nemenda um land allt og hvetja alla skóla til nýsköpunar á sviði skólaþróunar svo úr verði öflugt lærdómssamfélag um land allt.

Á undanförunum árum hafa ýmis sveitarfélög sett fjármagn í nýsköpun og skólaþróun. Fjármagn sem veitt hefur verið til nýsköpunar og þróunar í menntamálum hefur til þessa byggst að mestu á samkeppnissjóðum, s.s. Sprotasjóði og Þróunarsjóði námsgagna auk nýs Menntarannsóknasjóðs.

Ráðgert er að árlegt framlag renni til leik-, grunn- og framhaldsskóla til skólaþróunarverkefna í samræmi við áherslur menntastefnu til 2030. Hluti styrks verður skilyrtur miðlun og afurðir verkefna verða kynntar á uppskeruhátíðum menntastefnunnar svo þekking dreifist og leiði til umbóta á landsvísu.

Með þessu er lögð áhersla á að aðkoma ríkis og sveitarfélaga verði styðjandi en ekki stýrandi. Sérfræðingar og fagfólk í skólum landsins þekkir þarfir sinna starfsstaða best allra. Mikið traust og trú verður lagt á fagfólk og sérfræðinga við að útfæra verkefnið í samstarfi innan sem utan skóla og með markvissri miðlun og kynningum á þeim.

Markmið: Að stuðla að öflugri skólaþróun með fjölbreyttum verkefnum sem kennarar, skólastjórnendur og annað fagfólk og nemendur hafa frumkvæði að og byggja á grunni áherslna menntastefnu til 2030.

Helstu verkþættir:

1. Frá skólaárinu 2022–2023 verður skólum árlega úthlutað fjármagni til skólaþróunarverkefna í samræmi við niðurstöðu samtals ríkis og sveitarfélaga um sameiginlegar áherslur og fjárhagslegan stuðning hins opinbera við skólaþróun á vettvangi skóla til að styðja við innleiðingu menntastefnu til ársins 2030 og hlutfallslega skiptingu fjármögnunar.
2. Settur verður á fót stýrihópur ráðuneytis, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og fulltrúa sveitarfélaga sem sér um undirbúning, kynningu og samskipti við skóla, almenna umsjón og eftirlit með verkefninu.
3. Efling Sprotasjóðs til að styðja með markvissari hætti við þróun og nýsköpun í skólastarfi með reglulegri hækkun árin 2022, 2023 og 2024 um 10 m.kr. árlega enda taki forgangssvið sjóðsins mið af áherslum menntastefnu til ársins 2030.
4. Sameiginlegt miðlunarsvæði verði útbúið til að miðla afurðum og lærdómi þróunarverkefna um land allt.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, skólastjórnendur, kennarar og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi.

Áherslusvið: Menntun um land allt, stöðugar umbætur og gæðastarf, nám við allra hæfi, fjölbreytt menntasamfélag, þekking og hugrekki, hæfniþróun fagstétta í skólastarfi, fjölbreytileiki, rödd nemenda.

Aðgerð 3: Markviss stuðningur við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Auknir fólksflutningar og alþjóðavæðing í menntun og á vinnumarkaði hefur í för með sér nýjar áskoranir fyrir íslenskt samfélag. Undanfarin ár hefur nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum, sem hafa fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, fjölgað umtalsvert og mikilvægt er að menntakerfið geti brugðist við og mætt nemendum í samræmi við þarfir þeirra og bakgrunn. Markviss stuðningur getur skipt sköpum, ekki einungis fyrir einstaklingana sjálfa heldur einnig fyrir samfélagið í heild.

Brýnt er að íslenskt skólakerfi mæti betur náms- og félagsþörfum þessara barna og ungmenna. Rannsóknir benda til þess að nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn vegni verr í námi og að þeir séu í aukinni brotthvarfshættu í framhaldsskóla.

Á undanförunum árum hefur útgáfa námsefnis fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ekki aukist í samræmi við þróunina og vísbendingar eru um að auka þurfi framboð á starfsþróunarnámskeiðum kennara og annars fagfólks í skóla- og frístundastarfi til að mæta áskorunum sem við blasa. Samkvæmt TALIS rannsókn Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) á starfsháttum og viðhorfum kennara og skólastjórnenda á unglíngastigi grunnskóla frá árinu 2018 hefur hlutfall kennara sem sækist eftir aukinni þjálfun í kennslu nemenda með fjölmenníngarlegan bakgrunn vaxið frá árinu 2013, úr 9% í 19% árið 2018. Brýnt er að inntak kennaranáms og starfsþróun kennara og annarra fagstétta í skólastarfi taki mið af þeim áskorunum sem fjölmenníng í skóla- og frístundastarfi hefur í för með sér.

Aðgerðir á grundvelli stefnu um markvissan stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði innleiddar á öllum skólastigum. Þær aðgerðir tengjast öðrum verkþáttum menntastefnunnar.

Markmið: Íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum nemenda með fjölbreyttan tungumála- og

menningarbakgrunn, á öllum skólastigum og skólagerðum, svo þeir standi jafnfætis jafnöldrum sínum, nái góðri færni í íslensku og taki virkan þátt í námi, leik og íslensku samfélagi.

Helstu verkþættir:

1. Útgáfa námsefnis fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði stóraukin, þar á meðal grunnefni í íslensku sem öðru tungumáli sem tekur mið af aldri og færni, og stuðningsefni fyrir nemendur og kennara.
2. Kennslu- og sérfræðiráðgjöf í þágu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði aðgengileg á landsvísu fyrir öll skólastig óháð aldri.
3. Áhersla á þátttöku, vellíðan og íslenskufærni nemenda á grunn-, framhalds- og háskólastigi með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði eflað með auknum stuðningi og ráðgjöf.
4. Inntak kennaranáms, náms annars fagfólks í skóla- og frístundastarfi og starfsþróunarnámskeið taki mið af breyttri þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni sem styður við nám og kennslu fjölbreytts nemendahóps.
5. Markvissar upplýsingar um íslenskt menntakerfi, frístunda-, íþróttá- og æskulýðsstarf verði aðgengilegar á einum stað á fjölbreyttum tungumálum sem og fræðsla um mat á fyrra námi og hæfni.
6. Stöðupróf í íslensku og erlendum tungumálum verði bætt og þróuð, m.a. út frá viðmiðum evrópska tungumálarammans. Samhliða verði unnið að auknum gæðum íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur með endurskoðun á umgjörð, árangri og úthlutunarreglum.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Menntamálastofnun, mennta- og menningarmálaráðuneyti, rekstraraðilar skóla, kennaramenntunarstofnanir.

Áherslusvið: Nám við allra hæfi, menntun um land allt, snemmbær stuðningur, náms- og starfsráðgjöf, stöðugar umbætur og gæðastarf, fjölbreytt menntasamfélag, framþróun íslenskunnar, menntun fyrir alla,

Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa, hæfnipróun fagstétta í skólastarfi, kennaramenntun og nýliðun.

Aðgerð 4: Fjölgun kennara með leyfisbréf

Fjölgun kennara í starfi er langtímaverkefni sem kallar á samstarf ríkis og sveitarfélaga. Fjölga þarf nýnemum í kennaranámi, sporna við brotthvarfi þeirra og stuðla að því að nýútskrifaðir kennarar sjái framtíð í því að starfa í skólum landsins.


Hækkandi meðalaldur kennara og brotthvarf nýútskrifaðra kennara úr kennslu hefur áhrif á gæði náms og kennslu á öllum skólastigum. Huga þarf sérstaklega að dreifbýli þar sem hlutfall leiðbeinenda er almennt hærra en í þéttbýli.

Árið 2019 voru tæplega 27% þeirra sem störfuðu við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum með leikskólakennaramenntun en skv. lögum skal hlutfall þeirra vera 67%. Árið 2020 var hlutfall leiðbeinenda sem starfaði við kennslu í grunnskólum 16%. Meðalaldur kennara fer hækkandi, sér í lagi á framhaldsskólastigi.

Frá árinu 2019 hefur staðið yfir átaksverkefni stjórnvalda sem hefur það markmið að fjölga brautskráningum úr kennaranámi, auka skilvirkni kennaranáms og fjölga starfandi kennurum með sérhæfingu í starfstengdri leiðsögn en þannig gefst tækifæri til að styðja markvisst við nýútskrifaða kennara á fyrstu árum þeirra í starfi.

Frá því að átakið hófst hefur aðsókn í kennaranám aukist umtalsvert en ljóst þykir að auka þarf nýliðun enn frekar til að efla menntun í landinu.

Markmið: Leik-, grunn- og framhaldsskólar landsins verði mannaðir kennurum með leyfisbréf til að tryggja gæði náms og kennslu og mæta þörfum samfélagsins.



Hlutfall leiðbeinenda á grunnskólastigi var 16% árið 2020 og sama hlutfall á leikskólastigi var 72% árið 2019 og hefur haldist stöðugt undanfarin ár. Hlutfall leiðbeinenda á framhaldsskólastigi var rúmlega 16% árið 2015.

Helstu verkþættir:

1. Kennaraspá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig verði unnin sem felur m.a. í sér kortlagningu á fjölda faggreinakennara og kennara í iðn-, starfs- og tæknigreinum. Jafnframt verði unnin greining á svæðisbundnum kennaraskorti og mótaðar aðgerðir til að bregðast við niðurstöðum.
2. Mat lagt á árangur átaksverkefnis um nýliðun kennara sem hófst haustið 2019 í samráði hagsmunaaðila, þar með talið kennaranema.
3. Starfstengd leiðsögn við nýliða í kennslu verði fest í sessi.
4. Tímabundið ívilnunarákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna verði virkjað, horft verði sérstaklega til þess að fjölga kennaranemum, brugðist við svæðisbundnum kennaraskorti og spornað við brotthvarfi nýútskrifaðra kennara á fyrstu árum í starfi.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við háskóla, Kennarasamband Íslands og rekstraraðila skóla.

Áherslusvið: Kennaramenntun og nýliðun, hæfniþróun fagstétta í skólastarfi, menntun um land allt, stöðugar umbætur og gæðastarf, fjölbreytt menntasamfélag.

Aðgerð 5: Hæfni fagstétta í skólastarfi

Vel menntaðir og hæfir kennarar, skólastjórnendur og annað fagfólk eru grunnur framúrskarandi menntakerfis. Inntak kennaranáms og tækifæri til starfsþróunar fyrir fagfólk í skólum þarf að taka mið af þörfum samfélagsins, s.s. áherslum á sjálfbærni, stafræna hæfni, menningarlæsi og umhverfisvitund. Árangursrík starfsþróun byggir á faglegum grundvelli, lærdómssamfélagi og virkri þátttöku. Horft verði til þess sem vel hefur reynst í nágrannaríkjum, hvatt til samstarfsverkefna og vistaskipta kennara og annars fagfólks í skóla- og frístundastarfi og nýrri þekkingu miðlað áfram.

Markmið: Hæfni kennara, skólastjórnenda og annars fagfólks í skóla- og frístundastarfi mæti hæfnikröfum og breyttum þörfum samfélagsins. Að tengsl kennaramenntunar og starfsþróunar verði eflað í því skyni að auka vellíðan og árangur nemenda og stuðla að umbótum, aukinni starfsánægju og gæðum menntakerfisins.

Lykilhugtök:

Lærdómssamfélag: Í lærdómssamfélagi lærir hver af öðrum og hver með öðrum til að bæta árangur af starfi sínu. Styrking lærdómssamfélags er árangursrík leið í starfsþróun kennara og styrkir skóla til umbóta og árangurs.

Starfsþróun: Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur og skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Helstu verkþættir:

1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti afli upplýsinga um starfsþróun og námsorlof kennara, stjórnenda og annars fagfólks í þeim tilgangi að mæta starfsþróunarþörfum sem ný menntastefna kallar á.
2. Starfsþróunaráætlanir skulu gerðar í hverjum skóla sem byggja á viðmiðum um almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólustjórnenda og skilgreindum fræðsluþörfum.
3. Menntaflétta, samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands, verði fest í sessi með áframhaldandi þróun starfsþróunarnámskeiða fyrir kennara og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi.
4. Kennurum og skólustjórnendum gefist aukin tækifæri til að afla sér þekkingar um læsi og sköpun í víðustum skilningi, svo sem fjármálalæsi, menningarlæsi og miðlalæsi, byggðri á þverfaglegum og vönduðum menntarannsóknum og taki þátt í þróunarstarfi sem skapar öflugt lærdómssamfélag.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Kennaramenntunarstofnanir, Kennarasamband Íslands, stjórnendur leik-, grunn- og framhaldsskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Áherslusvið: Menntun um land allt, hæfniþróun fagstétta í skólastarfi, náms- og starfsráðgjöf, vísindi og rannsóknir, starfs-, iðn- og tækninám, geðrækt, vellíðan allra, ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa, stöðugar umbætur og gæðastarf, fjölbreytileiki, þekking og hugrekki, fjölbreytt menntasamfélag, raunfærnimat.

Aðgerð 6: Gagnrýnin hugsun, sköpun og skilningur

Góð hæfni í lestri og ritun er mikilvæg forsenda annars læsis og styður við gagnrýna hugsun, sköpun og skilning. Einn mikilvægasti liður í því að auka árangur allra nemenda er að bæta læsi, hvort heldur er lestrarkunnáttu eða læsi í víðum skilningi.

Rannsóknir benda til þess að lesskilningi hafi hrakað, sérstaklega meðal drengja, fyrirkomulag íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum hefur verið gagnrýnt og skýrt ákall er um það frá nemendum að meiri áhersla verði lögð á fleiri tegundir læsis í skólastarfi, t.d. umhverfis-, miðla-, menningar-, heilsu- og fjármálalæsi. Verkbættir innan aðgerðarinnar taka einnig mið af [þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál](#).

Markmið: Bætt læsi og íslenskukunnátta nemenda, aukinn lesskilningur og þekking á ólíkum tegundum læsis.

Helstu verkþættir:

1. Markviss stuðningur við lestrarkennslu og -þjálfun í leik-, grunn- og framhaldsskólum með bættu aðgengi að ráðgjöf og matstækjum fyrir lesskilning, ritun og íslensku sem annað mál, unnið í samstarfi við kennara. Sérstaklega skal ráðast í aðgerðir er snúa að drengjum. Kortlagning og stuðningur við stafræna færni fagfólks í skólum.
2. Birting nýrra viðmiða um lágmarkshæfni kennara í íslensku á grunni reglugerðar um hæfniramma fyrir kennara mun efla kennaramenntun og starfsþróun kennara.
3. Endurskoðun hæfniviðmiða í íslensku og greinasviðs íslensku í aðalnámskrá grunnskóla og innleiðing þeirra.
4. Faglegt starf skólabókasafna og almennra bókasafna eftt með styrkjum, fræðslu og auknu samstarfi.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Menntamálastofnun, mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennaramenntunarstofnanir, rekstraraðilar skóla, sveitarfélög.

Áherslusvið: Læsi, framþróun íslenskunnar og táknmáls, menntun um land allt, fjölbreytt menntasamfélag, fjölbreytileiki, rödd nemenda,

væntingar til nemenda, væntingar til foreldra, stafræn tilvera, sköpun og gagnrýnin hugsun, stöðugar umbætur og gæðastarf, bókasöfn, nám við allra hæfi, snemmbær stuðningur.

Aðgerð 7: Mótun hæfnistefnu Íslands í virku samráði

Samráðsvettvangur verður settur á laggirnar til að móta hæfnistefnu þar sem menntakerfi og atvinnulíf sammælast um það hvernig byggja megi markvisst upp hæfni til að mæta framtíðaráskorunum og tryggja um leið velferð, verðmætasköpun og samkeppnishæfni. Gerð stefnunnar byggir því á mikilvægu samtali stjórnvalda og hagaðila um aðgengi að fjölbreyttu námi, fyrirkomulagi þess, fjármögnun og skýru hlutverki allra sem koma að námi fullorðinna. Samstarfsyfirlýsing um sameiginleg markmið verður undirrituð. Við gerð stefnunnar verður stuðst við fyrirliggjandi greiningar og gögn s.s. um árangur menntakerfisins, um færnisþár, lýðfræðilegar breytingar og þróun á vinnumarkaði. Sérstök áhersla verður lögð á sí- og endurmenntun, framhaldsfræðslu, aðgengi að iðn-, starfs- og tækninámi, viðurkenningu á hæfni og starfsþróun fagstétta í skólastarfi. Samráðsvettvangurinn mun fylgja stefnunni eftir.

Markmið: Stjórnvöld og hagsmunaaðilar sammælast um forgangssvið innan menntakerfis og atvinnulífs sem stuðla að markvissri uppbyggingu á hæfni til að mæta framtíðaráskorunum og tryggja velferð, verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Helstu verkþættir:

1. Samráðsvettvangur stofnaður sem endurspeglar víðtækt samstarf stjórnvalda, hagsmunaaðila og þátttakenda í námi fullorðinna. Hlutverk vettvangsins verður að móta megináherslur í markvissri hæfniuppbyggingu þannig að sú hæfni sem fólk tileinkar sér í námi og störfum mæti framtíðaráskorunum.
2. Stefna verður mótuð og forgangssvið í hæfniþróun til framtíðar verða sett fram. Sjónum verður m.a. beint að hvaða hæfni þarf að byggja upp, hvernig styðja megi við hreyfanleika á milli ólíkra kerfa náms og starfa og hvernig aðgengi viðkvæmari hópa að námi verður tryggt.
3. Samstarfsyfirlýsing verður undirrituð um útfærslu helstu forgangsatríða þar sem sammælst verður um markvissa hæfniuppbyggingu til næstu tíu ára sem framkvæmdaaðilar hjá skólum, fræðsluaðilum og hjá atvinnulífi vinna að.

4. Samráðsvettvangur fylgir verkefninu eftir með samtali og reglulegri stöðutöku á sex mánaða fresti.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Samráðsvettvangur fulltrúa félags- og barnamálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Menntamálastofnunar, ASÍ, Samtaka atvinnulífsins, Kennarasambands Íslands, BSRB, Félags náms- og starfsráðgjafa, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Öryrkjabandalags Íslands, fulltrúa stjórnenda á framhaldsskólastigi og háskólastigi, fulltrúa nemenda á framhaldsskólastigi annars vegar og framhaldsfræðslu hins vegar, BHM, fulltrúa Leikna/Kvasis Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fulltrúa einkarekinna fræðsluaðila, fulltrúa frá samtökum innflytjenda/þriðja geira,

Áherslusvið: Nám við allra hæfi, menntun um land allt, fjölbreytt menntasamfélag, fjölbreytileiki, starfs-, iðn- og tækninám, náms- og starfsráðgjöf, stöðugar umbætur og gæðastarf, skilvirk ráðstöfun fjármuna, stafræn tilvera, sköpun og gagnrýnin hugsun, menntun fyrir alla, rödd nemenda.

Aðgerð 8: Raddir unga fólksins – virkt nemendalýðræði á öllum skólastigum

Lýðræði er hornsteinn samfélags okkar. Eitt meginhlutverk menntakerfisins hefur verið að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi sem er í sífelldri þróun. Efla þarf hæfni innan skólasamfélagsins til þess að takast á við samfélagsáskoranir og ágreining með lýðræðislegum aðferðum og virkja nemendur til raunverulegra áhrifa.

Alþingi samþykkti nýverið þingsályktun um framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem áhersla er lögð á að börn taki virkan þátt í ákvarðanatöku og að stjórnvöld eigi markvisst og reglulegt samráð við börn og ungmenni og innleiðingu sáttmálans í skóla- og frístundastarfi. Áður hafði Evrópuráðið gefið út hæfniramma um lýðræðismenntun sem var staðfestur af öllum aðildarríkjum árið 2016.

Markmið: Stjórnvöld eigi markvisst og reglulegt samráð við börn og ungmenni um menntamál og hlusti eftir sjónarmiðum sem tekið verði mið af við ákvarðanatöku. Nemendur séu hvattir til áhrifa á nám sitt og samfélagsumræðu. Lýðræðisleg hæfni og virkt nemendalýðræði verði eftt á öllum skólastigum, bæði í formlegu og óformlegu námi.

Helstu verkþættir:

1. Rafrænn þátttökuvettvangur, sem stofnaður verður og börn taka þátt í að móta í samræmi við þingsályktun um barnvænt Ísland, verður nýttur til að styrkja samskipti barna og ungmenna við stjórnvöld.
2. Ungt fólk taki í auknum mæli þátt í nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda og tengsl við nemendur, nemendafélög á öllum skólastigum og ungmennaráð verði eflað og núverandi samstarf, svo sem við Landssamtök íslenskra stúdenta og Samband íslenskra framhaldsskólanema, styrkt. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til viðkvæmari hópa og stuðla að þátttöku þeirra. Tillögur Barnaþings og aðrar tillögur um umbætur á sviði menntamála sem berast stjórnvöldum verði settar í formlegan farveg.
3. [Hæfniramma Evrópuráðsins](#) um lýðræðismenntun á öllum stigum verði nýttur bæði í formlegu og óformlegu námi og einnig í kennaramenntun. Hæfniramminn verði þýddur á íslensku og gefinn út rafrænt, kynntur fyrir skólasamfélaginu og nýttur við endurskoðun aðalnámskráa.

4. Unnið verði að eflingu lýðræðisfræðslu í samvinnu við nemendur og fagfólk í skóla- og frístundastarfi, boðið upp starfsþróunarnámskeið þeirra síðarnefndu um lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun og hvatt til þess að bestu aðgerðir/aðferðir ferðist bæði innanlands og utan. Menntastofnanir verða hvattar til samvinnu um að styrkja lýðræðis- og mannréttindabátt menntunar og til þátttöku í tengslaneti Evrópuráðsins um lýðræðislega skóla.

5. Fræðsluáætlun verði gerð til að stuðla að markvissri innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir nemendur, kennara og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi. Sérstök áhersla verði á eflingu réttindaskóla UNICEF sem haldist í hendur við innleiðingu barnvæns Íslands í öllum sveitarfélögum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Umboðsmaður barna, Barnaheill, Heimili og skóli, Samfés, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, skólar á öllum skólastigum, Menntamálastofnun, stúdenta- og nemendafélög s.s. LÍS og SÍF.

Áherslusvið: Raddir nemenda, þekking og hugrekki, sköpun og gagnrýnin hugsun, stafræn tilvera, væntingar til nemenda.

Aðgerð 9: Vönduð náms- og kennslugögn fyrir allt menntakerfið

Aðgengi að vönduðu námsefni er eitt lykilatriði gæðamenntunar. Brýnt er að framboð á náms- og kennslugögnum fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og framhaldsfræðslu, sem tekur mið af ólíkum þörfum og fjölbreytileika nemenda, verði tryggt.

Framsetning og miðlun námsgagna tekur örum breytingum og er mikilvægt að til séu fjölbreytt og vönduð námsgögn sem eru í samræmi við áherslur menntakerfisins hverju sinni. Standa þarf vörð um tungumál fámennrar þjóðar og þá m.a. með útgáfu vandaðra námsgagna. Gildi slíkrar útgáfu fyrir verndun og stuðning við íslenska tungu og eflingu læsis er óumdeilt.

Leggja þarf áherslu á rafróbókerfi sem nýtist við gerð og dreifingu rafræns náms- og kennsluefnis og stuðla þannig að bættu aðgengi fjölbreyttra nemendahópa og allra skólastiga að þeim.

Markmið: Að auka gæði, fjölbreytni og aðgengi að náms- og kennslugögnum fyrir nemendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og innan framhaldsfræðslu með áherslu á stafræn námsgögn á íslensku, táknmáli og efni fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Helstu verkþættir:

1. Efla Þróunarsjóð námsgagna og Námsgagnasjóð til að stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í námsefnisgerð og markvissri útgáfu vandaðra námsgagna. Úthlutun úr sjóðunum taki við af gæðaviðmiðum og styðji við áherslusvið menntastefnu til ársins 2030.
2. Þróun opinberra gæðaviðmiða fyrir náms- og kennslugögn, þar með talið leiðbeiningar vegna innleiðinga á stafrænum lausnum, meðal annars með tilliti til persónuverndarsjónarmiða.
3. Þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu þvert á skólastig og upplýsingamiðlun um nýtingu og innleiðingu þeirra námsgagna.
4. Auka aðgengi leikskóla að útgefnu námsefni Menntamálastofnunar og aðgengi framhaldsskóla að námsgögnum fyrir nemendur á starfsbrautum.

5. Stuðla að auknu aðgengi fullorðinna útlendinga að námsgögnum við hæfi, þar með talið íslensku sem annað tungumál, í samræmi við viðmið evrópska tungumálarammans. Námsgögn geti einnig hentað öðrum aldurshópum.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun, rekstraraðilar skóla.

Áherslusvið: Námsmat og námsgögn, aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu, nám við allra hæfi, fjölbreytt menntasamfélag, læsi, símenntun, stafræn tilvera, stöðugar umbætur og gæðastarf, skilvirk ráðstöfun fjármuna.

